



2010

Þjóðarspejillinn

Er hægt að hafa áhrif á áhuga nemenda í 10. bekk til dönsku með því að færa kennsluna á vefinn?

Pilar Concheiro
Haukur Freyr Gylfason
Anna Mjöll Sigurðardóttir

Félags- og mannvísindadeild
Ritstjórar: Helga Ólafs og Hulda Proppé

Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritstýrð grein

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9935-424-02-0



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Er hægt að hafa áhrif á áhuga nemenda í 10. bekk á dönsku með því að færa kennsluna á vefinn?

Pilar Concheiro
Haukur Freyr Gylfason
Anna Mjöll Sigurðardóttir

Í dag styðst fólk við tækninýjungar til að safna upplýsingum, fylgjast með þjóðfélags-umræðu og landsmálum, til samskipta sín á milli og til náms. Rannsóknir síðasta áratugar hafa gefið til kynna jákvæð áhrif samskiptaforma veraldarvefsins á menntun á meðal þeirra sem eru tölvulæsir (t.d. Arnold og Ducate, 2006; Belz og Kinginger, 2002, 2003; Garrison og Anderson, 2003; Kasanga, 1996; Lee, 1997; Prensky, 2001). Almennt er talið að þeir sem eru tölvulæsir njóti þess að hafa aðgang að tölvum og veraldarvefnum í námi sínu (Luke, 2006).

Rannsóknir benda á mikilvægi þess að mynda samfélag nemenda í náms-umhverfinu (t.d. rannsóknir á félagsauði (*social capital*)) (Anna Mjöll Sigurðardóttir, 2007) svo nemendur upplifi gagnkvæm tengsl, traust, sameiginlegar væntingar og markmið og samvirkni (*interactivity*) (Mazer, Murphy og Simmonds, 2007). Nýlegar rannsóknir benda til að samskiptatæki á vefnum, eins og til dæmis fésbók (*Facebook*) séu að verða meira og meira áberandi í tungumálakennslu meðal annars vegna þess að þau gefa færi á samvirkni á milli nemenda (de Almeida Soares, 2008; Dippold, 2009; Mazer o.fl., 2007; Mompean, 2010). Að ýmsu þarf þó að huga þegar vefforrit eins og fésbók eru notuð í kennslu, sérstaklega í kennslu barna. Það er mikilvægt að forritið sjálft sé traust og áreiðanlegt en líka að traust ríki á milli þeirra sem nota hann. Forritið þarf að virka og það má ekki vera þungt í vöfum. Einnig þarf að vera tiltölulega auðvelt að læra á forritið svo það nýtist öllum í kennslu. Eins er mikilvægt að hægt sé að koma í veg fyrir að óæskilegir aðilar hafi aðgang að samskiptum nemenda eða upplýsingum um þá og þegar nemendur eru að taka niður efni eða setja efni á til dæmis fésbók, þá sé það laust við vírusa (Dron, 2007).

Að vera áhugasamur (*motivated*) þýðir að vera rekinn áfram til að gera eitthvað, staðráðinn í að framkvæma (Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen, 2008; Ryan og Deci, 2000).¹ Rannsóknir sýna að áhugi á tungumáli ræðst meðal annars af vilja nemenda til að samlagast þeirri menningu sem tungumálið er talað í, nytsemi þess að tala tungumálið, viðhorfum til menningar og innfæddra, þeirrar menningar sem er ráðandi þar sem tungumálið er talað og áhrifum frá foreldrum, fjölskyldu og vinum (sjá í Csizér og Dörnyei, 2005). Kennsla í gegnum veraldarvefnum gefur aukin tækifæri, og býður upp á þægilega leið til að kynna menningu lands þar sem tungumálið er talað (t.d. með því að horfa á stuttar klippur af bíómyndum, sjónvarpsþáttum og tónlistarmyndböndum eða lestri bóka, bláða og tímarita sem eru aðgengileg á vefnum). Fésbók gefur svo tækifæri á að hafa samskipti við þá sem tala tungumálið, hvort sem er við fjölskyldu eða vini eða innfædda. Á þann hátt er einnig hægt að nota fésbók til að gefa nemendum tækifæri til að tjá sig um vinnu samnemenda og beita jafningjamati (*peer assessment*) sem mælt er til að nemendur í efri

¹ Frekari umfjöllun um áhuga má finna í greinum Magnúsar Kristjánssonar frá 2000 og 2004.

bekkjum grunnskóla geri (Menntamálaráðuneytið, 2007). Mikilvægt er þá að þjálfar nemendur svo jafningjamat verði árangursríkt (Dippold, 2009; Liou og Peng, 2009).

Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á dönskukennslu á Íslandi og engin á áhrifum vefbyggðra samskiptaforrita á áhuga svo vitað sé. En það helsta sem komið hefur fram í rannsóknum á áhuga á dönsku er að áhugi nemenda skiptir sköpum þegar kemur að árangri í dönskunámi og mikilvægt er að gera námið lifandi og hagnýtt til að vekja áhuga (Ósa Knútsdóttir, 2008) og að áhugi nemenda á dönsku í grunnskólum er misjafn en yfirleitt mikill (Inga Sigurðardóttir, 2007). Einnig hefur verið sýnt fram á að 20% foreldra telja sig helst eiga í erfiðleikum með að aðstoða börnin sín með dönsku í heimanáminu. Aðeins í stærðfræði töldu fleiri foreldrar (30%) sig eiga í erfiðleikum með að aðstoða börnin sín (Elísabet Lovísa Björnsdóttir, 2009). Það er alveg ljóst að áhugi hefur mikið að segja um árangur í dönskunámi en að sumir nemendur þurfi ef til vill að leita annað en til foreldra sinna eftir aðstoð með heimanámið.

Kveikjan að þessari tilraun, hvort hægt sé að hafa áhrif á áhuga nemenda í 10. bekk grunnskóla á dönsku með því að kenna dönsku með stuttu innngripi á fésbók var rannsókn Concheiro (2010) á spænskukennslu á háskólastigi á formi bloggs. Niðurstöður Concheiro voru þær að mikil ánægja var með spænskukennsluna. Nemendur nefndu að bloggjið gerði þeim kleift að vinna á sínum eigin hraða þegar þeim hentaði og að þeim gafst tækifæri til að læra af samnemendum með því að lesa þeirra blogg og með því að taka þátt í umræðum. Fésbók gefur nemendum tækifæri, á sama hátt og bloggjið hennar Concheiro, að læra af samnemendum og er þægileg leið til að kynna danska menningu. En þetta tvennt hefur jákvæð áhrif á áhuga á tungumáli (sjá í Csizér og Dörnyei, 2005).

Aðferð

Til að meta hvort hægt væri að hafa áhrif á áhuga nemenda í 10. bekk grunnskóla á dönsku með því að kenna hana með stuttu innngripi á fésbók var notað hálf-tilraunasnið (*quasi-experimental design*) (t.d. Kristín Elva Viðarsdóttir og Sif Einarsdóttir, 2006) þar sem áhugi tilraunahóps, sem fékk kennslu með fésbók, var borinn saman við áhuga samanburðarhóps, sem fékk hefðbundna kennslu, eftir íhlutun.

Þátttakendur

Þátttakendur voru 70 nemendur sem tóku dönsku í 10. bekk grunnskóla. Meðalaldur þeirra var 15,4 ár ($sd = 0,5$ ár). Yngsti nemandinn var 14 ára en sá elsti 16. Þátttakendur komu úr sitt hvorum grunnskólanum og skiptust í tilrauna- og samanburðarhóp eftir því. Nemendur í tilraunahópi voru 36, 18 strákar og 18 stúlkur, og var meðalaldur þeirra 15,2 ár ($sd = 0,5$ ár). Í samanburðarhópi voru nemendur 33, 21 strákur og 12 stúlkur og meðalaldur þeirra var 15,4 ár ($sd = 0,5$ ár).

Nemendum var ekki skylt að taka þátt í tilrauninni og leyfi fékkst frá forráðamönnum þeirra fyrir þátttöku.

Áreiti

Áreitið var kennsla á fésbók fyrir tilraunahóp á meðan samanburðarhópurinn fékk áfram hefðbundna kennslu í dönsku. Nemendur í tilraunahópi áttu að leysa eftirfarandi 12 verkefni á fésbók sem æfðu ritun, lestur og málfræði. Fésbókarkennslan var ekki hrein viðbót heldur var dregið úr hefðbundinni kennslu á meðan.

- Segðu álit þitt á þeirri stuttmynd sem þér þótti best.
- Segðu frá sjálfum þér í nokkrum setningum.

- Tónlistarmyndband. Finndu danskt tónlistarmyndband, lestu textann og segðu öðrum frá því um hvað hann fjallar og settu krækju svo að aðrir geti skoðað myndbandið.
- Heimsókn. Finndu stað eða staði sem þú gætir hugsað þér að heimsækja í Danmörku. Settu krækju svo að aðrir geti skoðað staðina.
- Fullkominn dagur. Hvernig myndir þú lýsa fullkomnum degi. Skrifðu nokkrar setningar.
- Mynd. Túlkaðu það sem þú sérð á myndinni [hér fengu nemendur að sjá mynd] í nokkrum setningum.
- Ferðasaga í þátíð. Nú áttu að skrifa ferðasögu í þátíð um það hvert þú fórst í síðasta sumarfrí þínu. Settu krækju svo að aðrir geti skoðað staðina. Þú þarft ekki að hafa ferðast til Danmerkur eða á annan stað í útlöndum. Ef til vill dvaldir þú í sumarbústað á Íslandi.
- Danskar búðir. Í hvaða danskri búð myndir þú helst vilja versla? Finndu búðirnar og segðu frá því sem þær selja og hvað þú vildir helst kaupa. Þú átt að skrifa nokkrar setningar, til dæmis 5 til 10. Settu krækju svo að aðrir geti skoðað búðirnar.
- Gæludýr. Áttu eða gætir þú hugsað þér að eiga gæludýr? Segðu frá í nokkrum setningum hvort þú átt gæludýr eða ekki og settu mynd af því ef svo er.
- Dönsk blaðagrein. Finndu danska blaðagrein og skrifaðu um hvað hún fjallar. Settu krækju svo að aðrir geti lesið greinina.
- Fallegasta danska orðið. Hvað finnst þér vera fallegasta orðið í dönsku og af hverju finnst þér það? Skýrðu frá því í nokkrum setningum.
- 10 atriði. Segðu frá 10 atriðum sem þú myndir vilja gera í Danmörku ef þú færir þangað.

Mælitæki

Spurningalistar voru lagðir fyrir alla nemendur fyrir og eftir kennslu á fésbók (bæði tilrauna- og samanburðarhóp). Spurt var tveggja spurninga í bæði skiptin til að mæla áhuga á dönsku: Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á tungumálinu dönsku? Svarmöguleikar (1=mjög mikinn – 5=mjög lítinn). Hversu skemmtilegt eða leiðinlegt finnst þér að læra tungumálið dönsku? Svarmöguleikar (1=mjög skemmtilegt – 5=mjög leiðinlegt).

Í könnun á námsáhuga nemenda í grunnskólum notuðu Amalía Björnsdóttir o.fl. (2008) 14 fullyrðingar til að mæla námsáhuga. Flestar fullyrðingarnar eru um skemmtanagildi náms (12 af 14) en tvær um áhuga annars vegar og tilhlökkun að hefja aftur nám eftir sumarfrí hins vegar. Alfa áreiðanleiki fullyrðinganna 14 var 0,90. Alfa áreiðanleiki fyrir spurningarnar tvær sem notaðar voru í þessari tilraun, annars vegar um áhuga og hins vegar um skemmtanagildi, var 0,91.

Spurt var tveggja spurninga til að meta hversu líkir hóparnir voru: Hversu miklum tíma verð þú í heimanám í dönsku á viku? Svarmöguleikar (Engum tíma; um 0,5 til 1 tíma á viku; um 2 til 3 tímum á viku; um 4 tímum eða lengur á viku). Hvort ert þú stelpa eða strákur? Einnig var lagt fyrir próf, byggt á samræmdum prófum, til að kanna í byrjun þekkingu nemenda í dönsku.

Framkvæmd

Byrjað var á að stofna fésbókarsíðu fyrir tilraunahópinn sem allir nemendur og kennari höfðu aðgang að, ásamt tæknimanni. Þess var sérstaklega gætt að enginn utan þess hóps hefði aðgang að þeirri síðu né gæti séð hvað færi þar fram.

Tilraunin stóð yfir í um 7 vikur frá 12. mars til 7. maí. Fyrsta verkefnið var sett inn á vefinn 16. mars og það síðast 4. maí. Nemendur unnu ekki verkefnið í páskaaleyfinu

sem stóð frá 29. mars til 9. apríl. Til að gæta eins mikils jafnræðis á milli nemenda eins og kostur var þá var tölvuver skólans bókað í eina kennslustund í viku hverri sérstaklega fyrir þetta verkefni. Það var gert því ekki var talið öruggt að allir nemendur hefðu aðgang að tölvu og vefaðgangi heima hjá sér. Nemendur voru hvattir til að nýta sér eiginleika fésbókar með því að gera athugasemdir hver hjá öðrum um það sem samnemendur þeirra voru að gera.


Byrjað var á að leggja spurningarnar og prófið fyrir báða hópa áður en að fésbókarkennslan hófst. Hverjum nemanda var gefið númer, sem kennarar tilraunahópsins og samanburðarhópsins ákváðu sjálfir, þannig að gagnaskráin inniheldur aðeins ópersónugreinanleg gögn. Kennararnir fóru ekki sjálfir yfir prófið heldur var þriðji kennarinn ráðinn til að semja það og fara yfir. Eftir að tilrauninni var lokið stóð kennurum og nemendum til boða að fá að vita niðurstöður prófsins.

Niðurstöður

Sambærileiki tilrauna- og samanburðarhóps

Þess var gætt að tilrauna- og samanburðarhópar væru eins líkir og hægt var í byrjun tilraunarinnar. Skólarnir voru báðir í sama sveitarfélaginu og vitað var að kennararnir kenndu sama efnið í dönsku og að þeir höfðu haft mikil samskipti sín á milli meðal annars með því að skiptast á verkefnum og prófum.


Ekki var munur á meðalaldri nemenda í tilrauna- og samanburðarhópnum ($t(67) = 1,37$; $p > 0,05$) og kynjaskipting hópanna var svipuð ($\chi^2(1, N=69) = 1,30$; $p > 0,05$). Ekki var munur á meðaleinkunn hópanna á dönskuprófinu ($t(66) = 1,16$; $p > 0,05$) (sjá mynd 1) né heldur hvernig þeir mátu áhuga sinn á dönsku ($t(67) = 1,14$; $p > 0,05$) og hversu skemmtilegt þeim þótti að læra dönsku ($t(67) = 0,56$; $p > 0,05$) (sjá töflu 1). Einnig bentu niðurstöðurnar til að hóparnir hafi varið svipuðum tíma í heimanám í dönsku á viku ($\chi^2(3, N=69) = 4,03$; $p > 0,05$) (sjá mynd 2). Af þessu má ljóst vera að hóparnir voru svo til eins í byrjun tilraunarinnar.



Mynd 1. Meðaleinkunn tilrauna- og samanburðarhóps á dönskuprófinu

Tafla 1. Meðaltöl og staðalfrávik tilrauna- og samanburðarhóps á spurningum um áhuga á dönsku og hversu skemmtilegt nemendum þótti að læra dönsku

	Tilraunahópur			Samanburðarhópur		
	m	sf	n	m	sf	n
Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á tungumálinu dönsku?	3,08	1,03	36	3,36	1,03	33
Hversu skemmtilegt eða leiðinlegt finnst þér að læra tungumálið dönsku?	3,11	1,06	36	3,24	0,87	33



Mynd 2. Dreifing tíma sem fór í heimanám tilrauna- og samanburðarhóps í dönsku fyrir fésbókarkennslu

Hafði fésbókarkennslan áhrif?

Þegar áhugi nemenda í tilraunahópi á dönsku var borinn saman fyrir og eftir fésbókarkennslu kom í ljós að áhugi nemenda var sá sami ($t(35) = 0,30; p > 0,05$). Eins breyttist ekki að nemendum þótti hvorki skemmtilegt né leiðinlegt að læra dönsku ($t(35) = 0,53; p > 0,05$) (sjá töflu 2). Svipaðar niðurstöður voru fyrir samanburðarhópin á áhuga ($t(32) = 1,86; p > 0,05$) og skemmtun ($t(32) = 0,83; p > 0,05$).

Ekki var munur á svörum nemenda í lok tilraunar í tilrauna- og samanburðarhópi á spurningunni um áhuga ($t(68) = 0,63; p > 0,05$) né heldur spurningunni um hvort nemendum þótti skemmtilegt eða leiðinlegt að læra dönsku ($t(68) = 0,68; p > 0,05$).

Nemendur voru allir mjög jákvæðir fyrir því að vinna verkefni á fésbók en lögðu misjafna vinnu í verkefnin. Verkefnin sem nutu mestrar hylli voru til dæmis blaðagreinir, danskar búðir, fallegasta orðið og sumarfríð. Verkefnin sem nutu ekki eins mikillar hylli voru verkefnin lýsing á fallegum degi og túlkun myndar. Kennarinn tók eftir því að mun auðveldara var fyrir nemendum að vinna verkefnin en að nýta sér eiginleika fésbókar til að tjá sig um vinnu samnemenda sinna.

Tafla 2. Meðaltöl og staðalfrávik tilrauna- og samanburðarhóps á spurningum um áhuga á dönsku og hversu skemmtilegt nemendum þótti að læra dönsku í byrjun og í lok tilraunarinnar

	Í byrjun tilraunar			Í lok tilraunar		
	m	sf	n	m	sf	n
Tilraunahópur						
Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á tungumálinu dönsku?	3,08	1,03	36	3,06	1,07	36
Hversu skemmtilegt eða leiðinlegt finnst þér að læra tungumálið dönsku?	3,11	1,06	36	3,06	0,89	36
Samanburðarhópur						
Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú á tungumálinu dönsku?	3,36	1,03	33	3,15	0,87	33
Hversu skemmtilegt eða leiðinlegt finnst þér að læra tungumálið dönsku?	3,24	0,87	33	3,15	0,91	33

Umræða

Rannsóknir sýna að áhugi skiptir miklu máli þegar kemur að árangri í námi (t.d. Amalía Björnsdóttir o.fl., 2008; Ósa Knútsdóttir, 2008). Því var spennandi að kanna hvort hægt væri að að hafa áhrif á áhuga nemenda á dönsku í 10. bekk grunnskóla með því að færa hluta kennslunar í stuttan tíma á fésbók.

Niðurstöður tilraunarinnar voru þær að þetta stutta inngrip hafði ekki áhrif á áhuga nemenda. Nemendur voru mjög jákvæðir fyrir því að vinna verkefnin á fésbók sem er í samræmi við niðurstöður Concheiro (2010) og áhugi þeirra á dönsku var hvorki mikill né lítill sem rímar nokkuð vel við niðurstöður Ingu Sigurðardóttur (2007) um að áhugi nemenda á dönsku í grunnskólum sé misjafn en yfirleitt mikill. Það er því varla hægt að kenna neikvæðni í garð kennsluáferðarinnar né skorti á áhuga í byrjun inngripsins um að inngripið hafði ekki áhrif. Ef til vill var það vegna þess hversu fésbókarkennslan stóð stutt sem áhrifanna gætti ekki en ef til vill líka að nemendur sinntu náminu aðallega í skólanum en ekki heima. Nemendur virðast ekki sinna miklu heimanámi í dönsku. Langflestir þátttakenda vörðu klukkustund eða skemur á viku í heimanám í dönsku (sjá mynd 2). Einnig er það hugsanlegt að grunnskólanemendur skorti meiri þjálfun til að geta tekið þátt í umræðum á dönsku á vefnum; tjáð sig um hvað er vel gert og hvað mætti betur fara í texta samnemenda. Kennari þeirra tók eftir því að mun auðveldara var að fá nemendur til að vinna verkefnin en að tjá sig um skrif samnemenda. Hvort það var vegna tímaskorts eða skorts á meiri þjálfun í jafningjamati er mikilvægt að komast að. Þess ber að geta að það að þjálfna nemendur í jafningjamati er ekki auðvelt (sjá í Bryant og Carless, 2010) og ekki markmið þessarar tilraunar.

Helstu eiginleikar fésbókar sem kennslutækis eru að gefa nemendum tækifæri til að sinna náminu á eigin hraða, læra af samnemendum og vera þægileg leið til að kynna danska menningu. Ef til vill er fésbók ekki að gagnast þetta ungum nemendum í þeirra dönskunámi. Mögulegt er að hún gagnist frekar í tungumáli eins og ensku sem nemendur skilja betur og eiga auðveldara með að tjá sig á. Eða hún gagnist frekar eldri nemendum í framhaldsskóla eða háskóla sem þekkja betur til jafningjamats og heimavinnu. Áhugavert væri að gera fleiri tilraunir með önnur tungumál og eldri nemendur til að kanna hvort það er tungumálið og/eða þroski nemenda sem trufla hvort fésbókarkennsla hafi áhrif á áhuga.

Höfundar vilja þakka mennta- og menningarmálaráðuneytinu fyrir veittan styrk vegna stuðnings við dönskukennslu 2009.

Heimildir

- Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen. (2008). Námsáhugi nemenda í grunnskólum: Hver er hann að mati nemenda og foreldra? Hvernig breytist hann eftir aldri og kyni? *Tímarit um menntarannsóknir*, 5, 7-26.
- Anna Mjöll Sigurðardóttir. (2007). *Eru tengsl á milli félagsaðs í skólasamfélagi og námsárangurs?* Óbirt M.Ed. ritgerð: Kennaraháskóli Íslands.
- Arnold, N. og Ducate, L. (2006). CALL: Where are we and where do we go from here? Í L. Ducate og N. Arnold (ritstjórar), *Calling on CALL: From theory and research to new direction in foreign language teaching* (bls. 1-20). San Marcos: CALICO.
- Belz, J. A. og Kinginger, C. (2002). The cross-linguistic development of address form use in telecollaborative language learning: two case studies. *Canadian Modern Language Review*, 59, 189-214.
- Belz, J. A. og Kinginger, C. (2003). Discourse options and the development of pragmatic competence by classroom learners of German: *The case of address forms. Language learning*, 53, 591-647.
- Bryant, D. A. og Carless, D. R. (2010). Peer assessment in a test-dominated setting: Empowering, boring or facilitating examination preparation? *Educational Research for Policy and Practice*, 9, 3-15.
- Concheiro, P. (2010). Los Blogs de grupo como herramienta de aprendizaje colaborativo en el aula de ELE. *Estudios en lingüística aplicada*, 49(1), 1-20.
- Csizér, K. og Dörnyei, Z. (2005). The internal structure of language learning motivation and its relationship with language choice and learning effort. *The Modern Language Journal*, 89, 19-36.
- de Almeida Soares, D. (2008). Understanding class blogs as a tool for language development. *Language Teaching Research*, 12, 517-533.
- Dippold, D. (2009). Peer feedback through blogs: Student and teacher perceptions in an advanced German class. *ReCALL*, 21, 18-36.
- Dron, J. (2007). Designing the undesignable: Social software and control. *Educational Technology & Society*, 10, 60-71.
- Elisabet Lovísa Björnsdóttir. (2009). *Viðhorf foreldra til heimanáms barna sinna*. Óbirt B.Ed. ritgerð: Háskóli Íslands, Menntavísindasvið.
- Garrison, D. R. og Anderson, T. (2003). *E-Learning in the 21st Century: A framework for research and practice*. London: RoutledgeFalmer.
- Inga Sigurðardóttir. (2007). *Kennsluáferðir í dönsku: Rannsókn um kennslubatti í dönsku*. Óbirt B.Ed. ritgerð: Kennaraháskóli Íslands, Grunnskólabraut.
- Kasanga, L. A. (1996). Peer interaction and L2 learning. *Canadian Modern Language Review*, 52, 611-639.
- Kristín Elva Viðarsdóttir og Sif Einarsdóttir. (2006). „Svona eða hinsegin“: Áhrif fræðslu á viðhorf kennara til sam- og tvíkynhneigðra. *Tímarit um menntarannsóknir*, 3, 26-40.
- Lee, L. (1997). Using internet tools as an enhancement of C2 teaching and learning. *Foreign Language Annals*, 30, 410-427.
- Liou, H. C. og Peng, Z. Y. (2009). Training effects on computer-mediated peer review. *System*, 37, 514-525.
- Luke, L. L. (2006). Situating CALL in the broader methodological context of foreign language teaching and learning: Promises and possibilities. Í L. Ducate og N. Arnold (ritstjórar), *Calling on CALL: From theory and research to new direction in foreign language teaching* (bls. 21-41). San Marcos: CALICO.
- Magnús Kristjánsson. (2000). Utangáttahvatir. Í Friðrik H. Jónsson og Ingjaldur Hannibalsson (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum III* (bls. 303-308). Reykjavík: Félagsvísindastofun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Magnús Kristjánsson. (2004). Sjálfsagðir hlutir: Kenningar Weiners um áhuga og geðshræingar. *Sálfræðiritið*, 9, 61-67.

- Mazer, J. P., Murphy, R. E. og Simmonds, C. J. (2007). I'll see you on "Facebook": The effects of computer-mediated teacher self-disclosure on student motivation, affective learning, and classroom climate. *Communication Education*, 56, 1-17.
- Menntamálaráðuneytið. (2007). *Aðalnámskrá grunnskóla: Erlend tungumál*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Mompean, A. R. (2010). The development of meaningful interactions on a blog used for the learning of English as a foreign language. *ReCaLL*, 22, 376-395.
- Ósa Knútsdóttir. (2008). „Nu talar vi dansk“: Þjálfun munnlegrar færni í dönsku í framhaldsskólum. *Málfríður*, 24(1), 9-11.
- Prensky, M. (2001). Digital natives, digital immigrants Part 2: Do they really think differently? *On the Horizon*, 9(6), 1-6.
- Ryan, R. M. og Deci, E. L. (2000). Intrinsic and extrinsic motivations: Classic definitions and new directions. *Contemporary Educational Psychology*, 25, 54-67.